

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

við Stjórnartíðindi
Evrópusambandsins

Nr. 32

32. árgangur

22.5.2025

I EES-STOFNANIR		
1.	Sameiginlega EES-nefndin	
II EFTA-STOFNANIR		
1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
3.	EFTA-dómstóllinn	
2025/EES/32/01	Dómur dómstólsins frá 5. febrúar 2025 í máli E-16/24 – Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi	1
2025/EES/32/02	Dómur dómstólsins frá 5. febrúar 2025 í máli E-17/24 – Söderberg & Partners AS gegn Gable Insurance AG in Konkurs	2
2025/EES/32/03	Úrskurður forseta 5. febrúar 2025 í máli E-27/24, – Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi	3
2025/EES/32/04	Mál höfðað 9. apríl 2025 af Eftirlitsstofnun EFTA á hendur Íslandi (Mál E-3/25)	4
2025/EES/32/05	Mál höfðað 9. apríl 2025 af Eftirlitsstofnun EFTA á hendur Íslandi (Mál E-4/25)	5
III ESB-STOFNANIR		
1.	Framkvæmdastjórnin	
2025/EES/32/06	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11879 – XEROX/LEXMARK) ...	6
2025/EES/32/07	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11918 – SAEME/ID LOGISTICS/ID LOGISTICS POLSKA 4) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	7
2025/EES/32/08	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M11968 – BANK J SAFRA SARASIN/SAXO BANK) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	8
2025/EES/32/09	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11982 – HELLMAN & FRIEDMAN/CVC/MEHILÄINEN) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	9

2025/EES/32/10	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11997 – MADISON DEARBORN PARTNERS/THOMA BRAVO/NEXTGEN HEALTHCARE) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	10
2025/EES/32/11	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.12008 – REITAN RETAIL/NORWEGIAN/STRAWBERRY/SPENN) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	11
2025/EES/32/12	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11380 – INPEX/KHI/IWATANI/JS)	12
2025/EES/32/13	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11657 – KCV/BK FS/SMMS)	12
2025/EES/32/14	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11817 – METINVEST/IB/JV)	13
2025/EES/32/15	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11823 – TRITON/MACGREGOR)	13
2025/EES/32/16	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11828 – BNPP/AXA IM)	14
2025/EES/32/17	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11893 – RETHMANN/TRANSDEV)	14
2025/EES/32/18	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11908 – JERA NEX/BP GAMMA/JV)	15
2025/EES/32/19	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11948 – MOVENDO CAPITAL/DRAYCOTT/SSCP AROME BIDCO)	15
2025/EES/32/20	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11949 – INVESCO/MITEL)	16
2025/EES/32/21	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11975 – LATOUR CAPITAL/LYNXEO)	12
2025/EES/32/22	Yfirlit um ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar um leyfi til að setja á markað vegna notkunar og/eða notkunar efna sem talin eru upp í XIV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar REACH)	17
2025/EES/32/23	Yfirlit um ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar um leyfi til að setja á markað vegna notkunar og/eða notkunar efna sem talin eru upp í XIV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar REACH)	18
2025/EES/32/24	Heimild til að veita ríkisaðstoð skv. 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins – Mál sem framkvæmdastjórnin hreyfir ekki andmælum við	19

EFTA-STOFNANIR

EFTA-DÓMSTÓLLINN

DÓMUR DÓMSTÓLSINS

2025/EES/32/01

frá 5. febrúar 2025

í máli E-16/24

Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi

(EFTA-ríki vanefnir skuldbindingar sínar – Reglugerð (ESB) nr. 996/2010 – Rannsóknir og forvarnir gegn slysum og flugatvikum í almenningsslugi – 3. mgr. 12. gr. – Fyrirframákveðið fyrirkomulag)

Hinn 5. febrúar 2025 kvað dómstóllinn upp dóm í máli E-16/24, Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi – KRAFA þess efnis að dómstóllinn lýsi yfir að Ísland hafi látið hjá líða að uppfylla skuldbindingar sínar sem leiða af 3. mgr. 12. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 frá 20. október 2010 um rannsóknir og forvarnir gegn slysum og flugatvikum í almenningsslugi og um niðurfellingu á tilskipun 94/56/EB, samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, með því að hafa ekki komið á fyrirframákveðnu fyrirkomulagi milli yfirvalda öryggisrannsókna og annarra yfirvalda sem koma að aðgerðum í tengslum við öryggisrannsóknina og tilkynna ekki slíkt fyrirkomulag til Eftirlitsstofnunar EFTA. Dóminn skipuðu dómarnir Páll Hreinsson, forseti, Bernd Hammermann (framsögumaður) og Michael Reiertsen og hljóða dómsorð sem hér segir:

Dómstóllinn kveður hér með upp eftirfarandi dóm:

- Dómstóllinn lýsi yfir að Ísland hafi látið hjá líða að uppfylla skuldbindingar sínar sem leiða af 3. mgr. 12. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 frá 20. október 2010 um rannsóknir og forvarnir gegn slysum og flugatvikum í almenningsslugi og um niðurfellingu á tilskipun 94/56/EB, samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, með því að hafa ekki komið á fyrirframákveðnu fyrirkomulagi milli yfirvalda öryggisrannsókna og annarra yfirvalda sem koma að aðgerðum í tengslum við öryggisrannsóknina og tilkynna ekki slíkt fyrirkomulag til Eftirlitsstofnunar EFTA.
- Íslandi er gert að greiða málskostnað.

DÓMUR DÓMSTÓLSINS**2025/EES/32/02****frá 5. febrúar 2025****í máli E-17/24****Söderberg & Partners AS gegn Gable Insurance AG in Konkurs**

(Tilskipun 2009/138/EB (Gjaldþolsáætlun II) – g-liður 1. mgr. 268. gr. – 1. mgr. 275. gr. – Vátryggingakröfur – Forréttindastaða – Landsbundnar ógjaldfærnimerðferðir)

Hinn 5. febrúar 2025 kvað dómstóllinn upp dóm í máli E-17/24, Söderberg & Partners AS gegn Gable Insurance AG – BEIÐNI áfrýjunardómstóls Liechtenstein (*Fürstliches Obergericht*) samkvæmt 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls varðandi túlkun á g-lið 1. mgr. 268. gr. og 275. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjtið. ESB 2009 L 335, bls. 1) („tilskipunin“) og nánar tiltekið hvort vátryggingarkrafa missi stöðu sína sem forréttindakrafa í landsbundnum ógjaldfærnimeðferðum ef hún hefur verið framseld til þriðja aðila með löggerningi. Dóminn skipuðu dómarnir Páll Hreinsson, forseti, Bernd Hammermann og Michael Reiertsen (framsögumaður) og hljóða dómsorð sem hér segir:

Vátryggingarkrafa í skilningi g-liðar 1. mgr. 268. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) á að njóta forgangs í samræmi við 1. mgr. 275. gr. tilskipunarinnar, við aðstæður eins og þær sem um ræðir í málinu, þegar krafan hefur verið framseld til þriðja aðila með löggerningi.

ÚRSKURÐUR FORSETA**2025/EES/32/03****5. febrúar 2025****í máli E-27/24,****Eftirlitsstofnun EFTA****gegn****Íslandi**

Forseti EFTA-dómstólsins hefur kveðið upp úrskurð dagsettan 5. febrúar 2025 að því er varðar KRÖFU sem lögð var fram í samræmi við aðra málsgrein 31. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, þess efnis að dómstóllinn lýsi yfir að Ísland hafi látið hjá líða að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að taka gerðina sem vísað er til í lið 29as IX. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1406), upp í íslensk lög. Dómsorðin eru svohljóðandi:

- 1. Mál E-27/24 er tekið af málaskrá.**
- 2. Málsaðilar greiða hvor sinn málskostnað.**

Mál höfðað 9. apríl 2025 af Eftirlitsstofnun EFTA á hendur Íslandi**2025/EES/32/04****(Mál E-3/25)**

Hinn 9. apríl 2025 höfðaði Eftirlitsstofnun EFTA mál fyrir EFTA-dómstólnum á hendur Íslandi; í fyrirsvari eru Sigurbjörn Bernharð Edvardsson, Sigrún Ingibjörg Gísladóttir og Melpo-Menie Joséphidès, fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA, Avenue des Arts 19H, B-1000 Brussel, Belgíu.

Kröfur Eftirlitsstofnunar EFTA eru sem hér segir:

- 1. Dómstóllinn lýsi yfir að Ísland hafi vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt gerðinni sem um getur í 7. lið í kafla XVII í II. viðauka við EES-samninginn (Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/852 frá 30. maí 2018 um breytingu á tilskipun 94/62/EB um umbúðir og umbúðaúrgang), samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, og samkvæmt 7. gr. EES-samningsins, með því að gera ekki, innan tilskilins tíma, nauðsynlegar ráðstafanir til að taka 2. mgr. 1. gr., 5. mgr. 1. gr. og 17. mgr. 1. gr. gerðarinnar upp í íslenskan rétt, eða hvað sem öðru líður, með því að láta hjá líða að tilkynna Eftirlitsstofnuninni um það, og**
- 2. Ísland greiði málskostnað.**

Lagagrundvöllur, málsvik og lagarök lögð fram til stuðnings:

- Eftirlitsstofnun EFTA fer með þessari stefnu fram á að dómstóllinn lýsi yfir að Ísland hafi látið hjá líða að uppfylla skyldur sínar samkvæmt gerðinni sem um getur í 7. lið í kafla XVII í II. viðauka við EES-samninginn, samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við samninginn, og samkvæmt 7. gr. EES, með því að gera ekki, innan tilskilins tíma, nauðsynlegar ráðstafanir til að taka 2. mgr. 1. gr., 5. mgr. 1. gr. og 17. mgr. 1. gr. gerðarinnar upp í íslenskan rétt, eða, hvað sem öðru líður, með því að láta hjá líða að tilkynna Eftirlitsstofnuninni um það.
- Í kjölfar bréfaskipta sendi Eftirlitsstofnunin Íslandi formlegt áminningarbréf hinn 15. mars 2022.
- Ísland svaraði ekki formlegu áminningarbréfi Eftirlitsstofnunarinnar.
- Eftirlitsstofnunin sendi rökstutt álit hinn 31. maí 2022 þar sem Ísland fékk tveggja mánaða frest til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að rökstudda álitinu, þ.e. eigi síðar en 31. júlí 2022.
- Eftirlitsstofnuninni barst ekkert svar frá Íslandi innan þess tímaramma sem tilgreindur var í rökstudda álitinu, né bjó Eftirlitsstofnunin yfir neinum öðrum upplýsingum sem gáfu til kynna að gerðin hefði verið innleidd í íslenskan rétt.
- Hinn 7. júní 2023 tilkynnti Ísland Eftirlitsstofnuninni formlega að gerðin hefði verið innleidd í íslenskan rétt frá og með 1. janúar 2023 þar sem kemur fram að ákvæði 2. mgr. 1. gr., 5. mgr. 1. gr. og 17. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar hafi enn ekki komið til framkvæmda.
- Hinn 28. ágúst 2023 spurðist Eftirlitsstofnunin fyrir um innleiðingu fyrrgreindra ákvæða og Ísland svaraði 11. september 2023 og fullyrkti að það myndi upplýsa Eftirlitsstofnunina um leið og full innleiðing hefði farið fram.
- Eftirlitsstofnunin sendi frekari fyrirspurn varðandi stöðu á innleiðingu 23. september 2024 og fylgdi því eftir með annarri fyrirspurn 29. nóvember 2024. Ísland svaraði því til að innleiðing væri fyrirhuguð í febrúar 2025.
- Hinn 27. febrúar 2025 óskaði Eftirlitsstofnunin eftir staðfestingu á því að ákvæði 2. mgr. 1. gr., 5. mgr. 1. gr. og 17. mgr. 1. gr. hefðu enn ekki verið innleidd. Eftirlitsstofnuninni barst svar frá Íslandi 4. mars 2025 þar sem fram kom að verið væri að innleiða ákvæðin.
- Eftirlitsstofnunin hefur, á þeim tímapunkti sem þessi stefna var lögð fram, hvorki fengið tilkynningu um að Ísland hafi innleitt fyrrnefndar greinar né hefur Eftirlitsstofnunin undir höndum aðrar upplýsingar sem gefa til kynna að þær hafi verið innleiddar í íslenskan rétt.
- Þar sem Ísland hafði ekki farið að rökstudda álitinu innan þess frests sem þar var tilgreindur, ákvað Eftirlitsstofnunin að vísa málinu til dómstólsins, skv. 31. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól.

Mál höfðað 9. apríl 2025 af Eftirlitsstofnun EFTA á hendur Íslandi**2025/EES/32/05****(Mál E-4/25)**

Hinn 9. apríl 2025 höfðaði Eftirlitsstofnun EFTA mál fyrir EFTA-dómstólnum á hendur Íslandi; í fyrirsvari eru Sigurbjörn Bernharð Edvardsson, Sigrún Ingibjörg Gísladóttir og Melpo-Menie Joséphidès, fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA, Avenue des Arts 19H, B-1000 Brussel, Belgíu.

Kröfur Eftirlitsstofnunar EFTA eru sem hér segir:

1. Dómstóllinn lýsi yfir að Ísland hafi vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt gerðinni sem um getur í lið 32d í XX. viðauka við EES-samninginn (Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/850 frá 30. maí 2018 um breytingu á tilskipun 1999/31/EB um urðun úrgangs), samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, og samkvæmt 7. gr. EES-samningsins, með því að gera ekki, innan tilskilins tíma, nauðsynlegar ráðstafanir til að taka 2. mgr. 1. gr., 3. mgr. 1. gr. og b-lið 4. mgr. 1. gr. gerðarinnar upp í íslenskan rétt, eða hvað sem öðru líður, með því að láta hjá líða að tilkynna Eftirlitsstofnuninni um það, og
2. Ísland greiði málskostnað.

Lagagrundvöllur, málsvik og lagarök lögð fram til stuðnings:

- Eftirlitsstofnun EFTA fer með þessari stefnu fram á að dómstóllinn lýsi yfir að Ísland hafi látið hjá líða að uppfylla skyldur sínar samkvæmt gerðinni sem um getur í lið 32d í XX. viðauka við EES-samninginn, samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við samninginn, og samkvæmt 7. gr. EES-samningsins, með því að gera ekki, innan tilskilins tíma, nauðsynlegar ráðstafanir til að taka 2. mgr. 1. gr., 3. mgr. 1. gr. og b-lið 4. mgr. 1. gr. gerðarinnar upp í íslenskan rétt, eða, hvað sem öðru líður, með því að láta hjá líða að tilkynna Eftirlitsstofnuninni um það.
- Í kjölfar bréfaskipta sendi Eftirlitsstofnunin Íslandi formlegt áminningarbréf hinn 22. ágúst 2022.
- Ísland svaraði ekki formlegu áminningarbréfi Eftirlitsstofnunarinnar.
- Eftirlitsstofnunin sendi rökstutt álit hinn 8. febrúar 2023 þar sem Ísland fékk tveggja mánaða frest til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að rökstudda álitinu, þ.e. eigi síðar en 8. apríl 2023.
- Eftirlitsstofnuninni barst ekkert svar frá Íslandi innan þess tímaramma sem tilgreindur var í rökstudda álitinu, né bjó Eftirlitsstofnunin yfir neinum öðrum upplýsingum sem gáfu til kynna að gerðin hefði verið innleidd í íslenskan rétt.
- Hinn 7. júní 2023 tilkynnti Ísland Eftirlitsstofnuninni formlega að gerðin hefði verið innleidd í íslenskan rétt frá og með 1. janúar 2023 þar sem þó kemur fram að ákvæði 2. mgr. 1. gr., 3. mgr. 1. gr. og b-liður 4. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar verði innleidd haustið 2023.
- Hinn 28. ágúst 2023 spurðist Eftirlitsstofnunin fyrir um innleiðingu fyrrgreindra ákvæða og Ísland svaraði 11. september 2023 og fullyrti að það myndi upplýsa Eftirlitsstofnunina um leið og full innleiðing hefði farið fram.
- Eftirlitsstofnunin sendi frekari fyrirspurn varðandi stöðu á innleiðingu 23. september 2024 og fylgdi því eftir með annarri fyrirspurn 29. nóvember 2024. Ísland svaraði því til að innleiðing væri fyrirhuguð í febrúar 2025.
- Hinn 27. febrúar 2025 óskaði Eftirlitsstofnunin eftir staðfestingu á því að ákvæði 2. mgr. 1. gr., 3. mgr. 1. gr. og b-liður 4. mgr. 1. gr. hefðu enn ekki verið innleidd. Eftirlitsstofnuninni barst svar frá Íslandi 4. mars 2025 þar sem fram kom að verið væri að innleiða ákvæðin.
- Eftirlitsstofnunin hefur á þeim tímapunkti sem þessi stefna var lögð fram, hvorki fengið tilkynningu um að Ísland hafi innleitt fyrrnefndar greinar né hefur Eftirlitsstofnunin undir höndum aðrar upplýsingar sem gefa til kynna að þær hafi verið innleiddar í íslenskan rétt.
- Þar sem Ísland hafði ekki farið að rökstudda álitinu innan þess frests sem þar var tilgreindur, ákvað Eftirlitsstofnunin að vísa málinu til dómstólsins, skv. 31. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól.

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.11879 – XEROX/LEXMARK)

2025/EES/32/06

1. Framkvæmdastjórninni barst 7. maí 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Xerox Holdings Corporation („Xerox“, Bandaríkjunum)
- Lexmark International II, LLC („Lexmark“, Bandaríkjunum), sem lýtur yfirráðum Ninestar Holdings Company Limited (Bandaríkjunum)

Xerox öðlast yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Lexmark í heild.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
- Xerox annast birgðþjónustu um allan heim (nema í Asíu og Ástralíu) á stafrænni prenttækni og tengdri þjónustu, hugbúnaði og lausnum, þar á meðal framboð (en ekki framleiðslu) á skrifstofuprenturum, framleiðslulausnum og prentþjónustu á staðnum og skýjalausnir.
 - Lexmark framleiðir og selur alþjóðlegar prent- og myndgreiningarvörur, hugbúnaðarlausnir og tengda þjónustu, þar á meðal prentara og skýjastýrða prentþjónustu.
3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 20.5.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11879 – XEROX/LEXMARK

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.11918 – SAEME/ID LOGISTICS/ID LOGISTICS POLSKA 4)
Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

2025/EES/32/07

1. Framkvæmdastjórninni barst 15. maí 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Société Anonyme des Eaux Minérales d'Evian („SAEME“, Frakklandi), dótturfélag Danone SA („Groupe Danone“, Frakklandi)
- ID Logistics SAS („IDL“, Frakklandi), dótturfyrirtæki ID Logistics Group SA (Frakklandi)
- ID Logistics Polska 4 („IDL Polska“, Póllandi), sem er sem stendur í eigu og lýtur yfirráðum IDL

SAEME og IDL öðlast sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir IDL Polska.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- SAEME, dótturfyrirtæki Groupe Danone sem sérhæfir sig í matvælaframleiðslu í landbúnaði, er franskt fyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu og markaðssetningu á ölkelduvatni.
- IDL er aðili sem starfar á netinu við flutningaþjónustu í Frakklandi og á alþjóðlegum markaði. Í gegnum dótturfyrirtæki sín býður franska samstæðan upp á samþætta flutningsþjónustu í meira en tugi landa, þar á meðal flutninga- og vöruhúsaþjónustu og virðisaukandi þjónustu, aðallega fyrir vandláta viðskiptavinum.
- IDL Polska er pólskt dótturfyrirtæki IDL. IDL Polska annast einkum flutningaþjónustu sem fjórði aðili flutningaþjónustu eða „4PL“ þjónustu, þ.e. hún sameinar og stýrir auðlindum, tækni og innviðum annarra flutningsaðila í aðfangakeðjunni.

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild *Stjórnartíðinda ESB*, 20.5.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11918 – SAEME/ID LOGISTICS/ID LOGISTICS POLSKA 4

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjótd. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjótd. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2025/EES/32/08

(mál M11968 – BANK J SAFRA SARASIN/SAXO BANK)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 8. maí 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Bank J. Safra Sarasin AG („BJSS“, Sviss), sem er að fullu í eigu J. Safra Sarasin Holding AG („JSSH“, Sviss) og lýtur endanlega yfirráðum JS International Holdings Limited („JS International“, Bahamaeyjum)
- Saxo Bank A/S („Saxo Bank“, Danmörku), sem lýtur yfirráðum Geely Financials Denmark A/S („Geely“, Danmörku)

BJSS nær yfirráðum í heild, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Saxo Bank.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- BJSS er svissneskur einkabanki sem veitir allsherjarþjónustu sem tilheyrir J. Safra Sarasin bankasamstæðunni og sérhæfir sig í einkabankastarfsemi og auðlegð og eignastýringu með starfsemi um alla Evrópu, Asíu, Mið-Austurlönd, Rómönsku Ameríku og Karíbahaf.
- Saxo Bank er danskur þjónustuveitandi stafrænnar smásölumiðlunarþjónustu og viðskipta- og fjárfestingarvettvanga á netinu til viðskiptavina um allan heim.

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild *Stjórnartíðinda ESB*, 20.5.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11968 – BANK J SAFRA SARASIN/SAXO BANK

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.11982 – HELLMAN & FRIEDMAN/CVC/MEHILÄINEN)
Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

2025/EES/32/09

1. Framkvæmdastjórninni barst 12. maí 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Hellman & Friedman LLC („H&F“, Bandaríkjunum)
- CVC Capital Partners PLC („CVC“, Jersey)
- Mehiläinen Konserni Oy („Mehiläinen“, Finnlandi)

H&F og CVC öðlast sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Mehiläinen.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- H&F er fyrirtæki á sviði framtaksfjárfestinga. Fyrirtækið einbeitt sér að fjárfestingum í yfirburða viðskiptasérleyfum og er virðisaukandi samstarfsaðili stjórnenda í völdum atvinnugreinum, þar á meðal hugbúnaði og tækni, fjármálaþjónustu, heilsugæslu, á neytendamarkaði og í smásölu og annarri viðskiptaþjónustu. H&F starfar um allan heim í gegnum stýrð fyrirtæki í eignasafni sínu.
- CVC stýrir fjárfestingum í sérhæfðum fjárfestingum um allan heim sem einblínir á framtaksfjárfestingar, lán, innviði og eftirmarkaði. CVC sjóðirnir sem lúta óbeinum yfirráðum CVC eiga eignarhluta í nokkrum fyrirtækjum í ýmissi starfsemi um allan heim, m.a. fjármálaþjónustu, iðefnum, veitukerfum, framleiðslu, smásölu og dreifingu, einkum í Evrópu, Bandaríkjunum og á Asíu-Kýrrahafssvæðinu.

3. Mehiläinen er einkarekinn aðili sem veitir félags- og heilbrigðisþjónustu og býður alhliða þjónustu í Eistlandi, Finnlandi, Þýskalandi, Litháen og Svíþjóð.
4. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

5. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild *Stjórnartíðinda ESB*, 21.5.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11982 – HELLMAN & FRIEDMAN/CVC/MEHILÄINEN

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjótd. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjótd. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.11997 – MADISON DEARBORN PARTNERS/
THOMA BRAVO/NEXTGEN HEALTHCARE)

2025/EES/32/10

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 5. maí 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Madison Dearborn Partners, LLC („Madison Dearborn Partners“, Bandaríkjunum)
- Thoma Bravo, L.P. („Thoma Bravo“, Bandaríkjunum)
- NextGen Healthcare, Inc. („NextGen Healthcare“, Bandaríkjunum), sem lýtur sem stendur yfirráðum sér í lagi af hálfu Thoma Bravo

Madison Dearborn Partners og Thoma Bravo öðlast sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir NextGen Healthcare.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Madison Dearborn Partners er fyrirtæki á sviði framtaksfjárfestinga sem leggur áherslu á fjárfestingar í grunngreinum, fjármálaþjónustu, heilbrigðisþjónustu og tækni og stjórnsýslu.
- Thoma Bravo er fyrirtæki á sviði framtaksfjárfestinga sem fjárfestir einkum í forritum og innviðahugbúnaði ásamt þjónustu sem byggist á tækni.

3. Starfsemi fyrirtækisins NextGen Healthcare er sem hér segir:

- NextGen Healthcare býður upp á nýstárlegar tæknilausnir fyrir ferliheilbrigðisþjónustu sem þróar og býður upp á rafrænan sjúkraskrárhugbúnað og æfingastjórnunarkerfi fyrir heilbrigðisgeirann.

4. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

5. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild *Stjórnartíðinda ESB*, 19.5.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11997 – MADISON DEARBORN PARTNERS/THOMA BRAVO/NEXTGEN HEALTHCARE

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.12008 – REITAN RETAIL/NORWEGIAN/STRAWBERRY/SPENN)

2025/EES/32/11

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 15. maí 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Reitan Retail AS („Reitan Retail“, Noregi)
- Norwegian Reward AS („Norwegian Reward“, Noregi), sem lýtur yfirráðum Norwegian Air Shuttle A.S.A („Norwegian“, Noregi)
- Strawberry Club AS („Strawberry Club“, Noregi), dótturfyrirtæki Strawberry Holding AS („Strawberry“, Noregi)
- Spenn Group AS („Spenn“, Noregi) sem lýtur sem stendur sameiginlegum yfirráðum Norwegian Reward og Strawberry Club

Reitan Retail, Norwegian Reward og Strawberry Club öðlast sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Spenn.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Reitan Retail starfar á sviði matvöru, þæginda, eldsneytis og orku fyrir ökutæki og bílaþvottar á Norðurlöndum og í Eyrstrasaltsríkjunum.
- Norwegian Reward starfrækir vildarþjónustu fyrir viðskiptavinum flugfélagsins Norwegian.
- Strawberry Club sér um vildarþjónustu fyrir hóteliðskiptavinum Strawberry.

3. Starfsemi Spenn er sem hér segir: Spenn starfrækir vettvang fyrir marga samstarfsaðila sem auðveldar söfnun og innlausn vildarpunkta á Norðurlöndum.

4. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

5. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild *Stjórnartíðinda ESB*, 23.5.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.12008 – REITAN RETAIL/NORWEGIAN/STRAWBERRY/SPENN

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjótd. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjótd. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.11380 – INPEX/KHI/IWATANI/JS)

2025/EES/32/12

Framkvæmdastjórnin ákvað 22. febrúar 2024 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32024M11380. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.11657 – KCV/BK FS/SMMS)

2025/EES/32/13

Framkvæmdastjórnin ákvað 18. desember 2024 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32024M11657. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.11817 – METINVEST/IB/JV)

2025/EES/32/14

Framkvæmdastjórnin ákvað 25. apríl 2025 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32025M11817. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.11823 – TRITON/MACGREGOR)

2025/EES/32/15

Framkvæmdastjórnin ákvað 5. maí 2025 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32025M11823. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.11828 – BNPP/AXA IM)

2025/EES/32/16

Framkvæmdastjórnin ákvað 25. apríl 2025 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32025M11828. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.11893 – RETHMANN/TRANSDEV)

2025/EES/32/17

Framkvæmdastjórnin ákvað 7. maí 2025 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32025M11893. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.11908 – JERA NEX/BP GAMMA/JV)

2025/EES/32/18

Framkvæmdastjórnin ákvað 13. maí 2025 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32025M11908. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.11948 – MOVENDO CAPITAL/DRAYCOTT/SSCP AROME BIDCO)

2025/EES/32/19

Framkvæmdastjórnin ákvað 6. maí 2025 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32025M11948. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.11949 – INVESCO/MITEL)

2025/EES/32/20

Framkvæmdastjórnin ákvað 5. maí 2025 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32025M11949. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.11975 – LATOUR CAPITAL/LYNXEO)

2025/EES/32/21

Framkvæmdastjórnin ákvað 12. maí 2025 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á frönsku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32025M11975. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

Yfirlit um ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar um leyfi til að setja á markað vegna notkunar og/eða notkunar efna sem talin eru upp í XIV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar REACH)

2025/EES/32/22

(Birt skv. 9. mgr. 64. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006) ⁽¹⁾

Ágrip eftirfarandi ákvörðunar um veitingu leyfis hefur verið birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins:

Efnaheiti	Tilvísun ákvörðunar ⁽²⁾	Dagsetning ákvörðunar	Markaðsleyfisnúmer	Nánari upplýsingar
krómtríoxíð (EB nr. 215-607-8, CAS nr. 13333-82-0)	C(2025)2701	8. maí 2025	REACH/25/23/0 REACH/25/23/1	C/2025/2615, 15.5.2025
krómtríoxíð (EB nr. 215-607-8, CAS nr. 13333-82-0)	C(2025)2665	12. maí 2025	REACH/25/22/0 REACH/25/22/1	C/2025/2620, 19.5.2025
krómtríoxíð (EB nr. 215-607-8, CAS nr. 13333-82-0)	C(2025)2702	12. maí 2025	REACH/25/26/0	C/2025/2621, 19.5.2025
krómtríoxíð (EB nr. 215-607-8, CAS nr. 13333-82-0)	C(2025)2685	12. maí 2025	REACH/25/25/0 REACH/25/25/1 REACH/25/25/2 REACH/25/25/3 REACH/25/25/4 REACH/25/25/5 REACH/25/25/6 REACH/25/25/7 REACH/25/25/8 REACH/25/25/9 REACH/25/25/10 REACH/25/25/11 REACH/25/25/12 REACH/25/25/13 REACH/25/25/14 REACH/25/25/15 REACH/25/25/16 REACH/25/25/17 REACH/25/25/18 REACH/25/25/19 REACH/25/25/20 REACH/25/25/21 REACH/25/25/22 REACH/25/25/23 REACH/25/25/24 REACH/25/25/25	C/2025/2622, 19.5.2025
krómtríoxíð (EB nr. 215-607-8, CAS nr. 13333-82-0)	C(2025)2706	12. maí 2025	REACH/25/21/0	C/2025/2623, 19.5.2025

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 35, 21.6.2012, bls. 79.

⁽²⁾ Ákvörðunina er að finna á eftirfarandi slóð á vefsetri framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins: [Authorisation \(europa.eu\)](https://eur-lex.europa.eu/authorisation)

**Yfirlit um ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar um leyfi til að setja
á markað vegna notkunar og/eða notkunar efna sem talin eru upp
í XIV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006
um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar
efni (efnareglurnar REACH)**

2025/EES/32/23

(Birt skv. 9. mgr. 64. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006) ⁽¹⁾

Ágrip eftirfarandi ákvörðunar um veitingu leyfis að hluta til hefur verið birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*:

Efnaheiti	Tilvísun ákvörðunar ⁽²⁾	Dagsetning ákvörðunar	Markaðsleyfisnúmer	Nánari upplýsingar
krómtríoxíð (EB nr. 215-607-8, CAS nr. 1333-82-0)	C(2025)2734	12. maí 2025	REACH/25/24/0	C/2025/2721, 19.5.2025

⁽¹⁾ [Stjtið. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1](#) og EES-viðbætur nr. 35, 21.6.2012, bls. 79.

⁽²⁾ Ákvörðunina er að finna á eftirfarandi slóð á vefsetri framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins: [Authorisation \(europa.eu\)](#)

**Heimild til að veita ríkisaðstoð skv. 107. og 108. gr. sáttmálans um
starfshætti Evrópusambandsins**

2025/EES/32/24

Mál sem framkvæmdastjórnin hreyfir ekki andmælum við

Málsnúmer	Aðildarríki	Landsvæði	Heiti aðstoðarkerfis (og/eða heiti aðstoðarþega)	Tilvísun birtingar í Stjóð. ESB
SA.113855	Litháen	Vidurio ir vakarų Lietuvos regionas , Sostinės regionas	RRF – Amendment decision electricity storage system investment	C/2025/2733, 12.5.2025
SA.116415	Niðurlönd		Wijziging van Modelverordening - Subsidieregeling natuur- en landschapsbeheer 2016 (SVNL 2016)	C/2025/2738, 13.5.2025
SA.118070	Ungverjaland		Támogatási program az elhullott állatok elszállítása és megsemmisítése kapesán felmerülő költségek fedezésére	C/2025/2739, 12.5.2025
SA.118238	Þýskaland	Nordrhein-Westfalen	Nordrhein-Westfalen: Richtlinie über die Gewährung von Billigkeitsleistungen des Landes Nordrhein-Westfalen zur Beseitigung von Schäden an öffentlicher und privater Infrastruktur sowie zum Wiederaufbau anlässlich der Starkregen- und Hochwasserkatastrophe im Juli 2021 (Förderrichtlinie Wiederaufbau Nordrhein-Westfalen – FRL Wiederaufbau Nordrhein-Westfalen)	C/2025/2741, 13.5.2025
SA.105349	Belgia		bpost press distribution 2023-June 2024	C/2025/2746, 13.5.2025
SA.112753	Pólland	Miasto Warszawa	Aid for the BC-Wind Offshore Wind Farm	C/2025/2747, 13.5.2025
SA.116275	Frakkland	Nord, Pas-de-Calais, Oise, Aisne, Somme	Aide compensatoire expérimentale pour la protection des captages dans les Hauts-de-France	C/2025/2797, 16.5.2025

Gildan texta þessara ákvarðana, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á: <https://competition-cases.ec.europa.eu/search?caseInstrument=SA>